



Fundargerð bíóráðs Bæjarbíó, fundur nr. 1, föstudaginn 8. ágúst 2014, kl. 11:00 að Strandgötu 6.

Mætt voru: Björn Pétursson, Svanlaugur Sveinsson og Kristinn Sæmundsson auk Marínar G. Hrafnadóttur, menningar- og ferðamálafulltrúa Hafnarfjarðar.

Fundargerð ritaði: MGH

1. **Kosning formanns** – MGH lagði til að BP yrði kjörinn formaður ráðsins og var það samþykkt samhljóða.
2. **Hlutverk Bíóráðs** – MGH fór yfir og kynnti þær greinar í samningi Menningar- og listafélags Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarbæjar er lúta að bíóráðinu og verndunarskilmála Minjastofnunar Íslands.
3. **Ástand Bæjarbíós** – KS fór yfir þau mál er varða breytingar sem nauðsynlegar eru til að skapa lifandi rými á anddyri. Minntist hann á hugsanlegan sælgætisskenk og mun BP skoða það mál í samráði við Minjastofnun. Þá benti KS á hávaða í loftræstikerfi hússins og mun SS skoða hvort eitthvað er hægt að gera til að minka hávaðann.
4. **Önnur mál** –
 - a). KS fór yfir fyrstu drög að dagskrá en hún mun liggja frammi fyrir næsta fund ráðsins í lok september.
 - b). Rætt var um fundatíma og næstu fundi.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12:00